

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 257/2014

2015/EES/71/04

frá 12. desember 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 491/2014 frá 5. maí 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametókttradín, asoxýstróbín, sýkloxýdím, sýflútrín, dínótefúran, fenbúkónasól, fenvalerat, flúdíoxóníl, flúópýram, flútríafól, flúxapýroxað, glúfosínatammóníum, imídaklópríð, indoxakarb, MCPA, metoxýfenósíð, penþíópýrað, spínétóram og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 588/2014 frá 2. júní 2014 um breytingu á III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir appelsínuolíu, *Phlebiopsis gigantea*, gibberellsýru, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru, *Spodoptera exigua*-kjarnmargflötungaveiru, *Bacillus firmus* I-1582, S-absísínsýru, L-askorbínsýru og *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2014 frá 3. júní 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir etoxýsúlfúrón, metsúlfúrónmetýl, níkósúlfúrón, prósúlfúrón, rimsúlfúrón, súlfósúlfúrón og þífensúlfúrónmetýl í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 703/2014 frá 19. júní 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, etoxýkín, flúsílasól, ísoxaflútól, mólínat, própoxýkarbasón, pýraflúfenetýl, kínóklamín og varfarín í eða á tilteknum afurðum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 737/2014 frá 24. júní 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2-fenýlfenól, klórmekvat, sýflúfenamíð, sýflútrín, díkamba, flúópíkólíð, flútríafól, fosetýl, indoxakarb, ísópróþíólan, mandíprópamíð, metaldehýð, metkónasól, fosmet, píklóram, própýsamíð, pýríproxýfen, saflúfenasíl, spínósað og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 146, 16.5.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 171, 11.6.2014, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 202, 10.7.2014, bls. 1.

- „– **32014 R 0491**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 491/2014 frá 5. maí 2014 (Stjtið. ESB L 146, 16.5.2014, bls. 1),
- **32014 R 0588**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 588/2014 frá 2. júní 2014 (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 16),
- **32014 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2014 frá 3. júní 2014 (Stjtið. ESB L 171, 11.6.2014, bls. 1),
- **32014 R 0703**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 703/2014 frá 19. júní 2014 (Stjtið. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 1),
- **32014 R 0737**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 737/2014 frá 24. júní 2014 (Stjtið. ESB L 202, 10.7.2014, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 0491**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 491/2014 frá 5. maí 2014 (Stjtið. ESB L 146, 16.5.2014, bls. 1),
- **32014 R 0588**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 588/2014 frá 2. júní 2014 (Stjtið. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 16),
- **32014 R 0617**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 617/2014 frá 3. júní 2014 (Stjtið. ESB L 171, 11.6.2014, bls. 1),
- **32014 R 0703**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 703/2014 frá 19. júní 2014 (Stjtið. ESB L 186, 26.6.2014, bls. 1),
- **32014 R 0737**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 737/2014 frá 24. júní 2014 (Stjtið. ESB L 202, 10.7.2014, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 491/2014, (ESB) nr. 588/2014, (ESB) nr. 617/2014, (ESB) nr. 703/2014 og (ESB) nr. 737/2014, sem verður birtur í *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbætur við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.